

Aðalskipulag Súðavíkurrepps

Drög að skipulagstillögu

Inngangur – nálgun – markmið

11. maí 2018

Yfirlit

- Um aðalskipulag
- Nálgun í aðalskipulagsvinnunni
- Leiðarljós og meginmarkmið



Inngangur


- Gildandi aðalskipulag gildir til 2018
- Skipulagsvinna við heildarendurskoðun hófst um mitt ár 2016
- Verkís er skipulagsráðgjafi Súðavíkurbreytiss í skipulagsvinnunni
- Ákveðið var að leggja áherslu á samráð við íbúa og hagsmunaaðila við skipulagsgerðina
- Skipulags- og matslýsing var auglýst í mars 2017
- Megindrættir aðalskipulagsins liggja nú fyrir
- Gert er ráð fyrir að skipulagið verði auglýst nú í sumar og taki gildi síðla hausts (2018)



Aðalskipulagið: Nálgun



Aðalskipulag



Lög

Skipulagslög og skipulagsreglugerð

Þróun byggðar og landnotkunar á landinu öllu verði í samræmi við skipulagsáætlanir þar sem efnahagslegar, félagslegar og menningarlegar **þarfir landsmanna**, heilbrigði þeirra og öryggi er haft að leiðarljósi,

Stuðla að **skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu** lands og landgæða, tryggja vernd landslags, náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi,

Tryggja **réttaröryggi** í meðferð skipulagsmála þannig að réttur einstaklinga og lögaðila verði ekki fyrir borð borinn þótt hagur heildarinnar sé hafður að leiðarljósi,

Tryggja að **samráð** sé haft við almenning við gerð skipulagsáætlana þannig að honum sé gefið tækifæri til að hafa áhrif á ákvörðun stjórnvalda við gerð slíkra áætlana,

Tryggja **faglegan** undirbúning mannvirkjagerðar við gerð skipulagsáætlana varðandi útlit bygginga og form og aðgengi fyrir alla.

Lög um umhverfismat áætlana

Stuðla að **sjálfbærri þróun** og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og jafnframt að stuðla að því að við áætlanagerð sé tekið tillit til **umhverfissjónarmiða**

Metin áhrif skipulagsleiða á umhverfið

Umhverfi

Samheiti fyrir samfélag, heilbrigði manna, dýr, plöntur, líffræðilega fjölbreytni, jarðveg, jarðmyndanir, vatn, loft, veðurfar, eignir, menningararfleifð, þ.m.t. byggingarsögulegar og fornleifafræðilegar minjar, og landslag og samspil þessara þátta

Aðalskipulag - innihald

Stefna sveitarfélags
um landnotkun, byggðapróun, byggðamynstur,
samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál



Náttúra

Lífríki og landslag
Vatn og loft
Óbyggð svæði
Náttúruvá



Samfélag

Byggð
Atvinna
Félags- og
velferðarmál
Útivist og íþróttir



Innviðir


Samgöngur
Veitur
Sorp

Aðrar áætlanir og stefnuskjöl


Dæmi um lög og áætlanir sem taka þarf til greina við gerð aðalskipulags

Lög	Reglugerðir	Áætlanir	Alþjóðaskuldbindingar
Hafnalög	Reglugerð um framkvæmdaleyfi	Landsskipulagsstefna 2015-2026	Evrópski landslagssáttmálinn
Jarðalög	Reglugerð um hávaða	Umhverfisvottun Vestfjarða	Ramsarsamningur um votlendi
Mannvirkjalög	Reglugerð um hollustuhætti	Sóknaráætlun Vestfjarða 2015-2019	Samningur Sameinuðu þjóðanna um líffræðilegan fjölbreytileika
Lög um mat á umhverfisáhrifum	Reglugerð um hætumat vegna ofanflóða og flokkun og nýtingu hættusvæða	Byggðaáætlun 2014-2017	
Lög um meðhöndlun úrgangs	Reglugerð um neysluvatn	Náttúruverndaráætlun 2009-2013	
Lög um menningarminjar	Reglugerð um mat á umhverfisáhrifum	Menningarstefna í mannvirkjagerð	
Lög um náttúruvernd	Reglugerð um varnir gegn mengun vatns	Kerfisáætlun Landsnets 2014-2023	
Lög um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum	Reglugerð um varnir gegn mengun grunnvatns	Samgönguáætlun 2011-2022	
Vegalög		Rammaáætlun	
		Velferð til framtíðar	

Áherslur



Ferlið



Sveitarstjórn hefur fjallað um aðalskipulagið nú þegar flestir þættir liggja efnislega fyrir. Ný sveitarstjórn samþykkir að auglýsa aðalskipulagið eftir kosningar.

Samvinna: Skipulagshópur

Sveitarstjórn ber ábyrgð á gerð aðalskipulags.
Aðrar nefndir hreppsins hafa fjallað um aðalskipulagið.

Samvinna og samtal við íbúa og hagsmunaaðila.
Skipulagshópur er sveitarstjórn til ráðgjafar.

Samvinna – samtal

- ✓ Skipulagshópur
- ✓ Upplýsingar á heimasíðu
- ✓ Facebook
- ✓ Fundir
- ✓ Dreifibréf og auglýsingar



Samvinna: Skipulagshópur

- Ferðapjónusta
- Landbúnaður
- Sjávarútvegur – smábátar
- Sjávarútvegur – stærri útgerðir
- Sumarhúsaeigendur og landeigendur
- Gamla byggðin í Súðavík
- Íbúar: Aðgengi og útivist
- Íbúar: Ungmenni
- Íþróttir
- Náttúruvernd
- Hlunnindanýting
- Ísafjarðarbær - landeigandi



Samvinna: Íbúaping


- Íbúaping var haldið í október 2018



Súðavíkurreppur – samfélag á tímamótum
Skilaboð íbúapings í Súðavíkurreppi, nóvember 2017

Samvinna: Íbúaping

- Forgangsöröðun verkefna skv. íbúapingi



Umhverfismat áætlaða



Umhverfismat áætlana



Endurskoðun aðalskipulagsins fellur undir lög um umhverfismat áætlana. Matið verður sett fram í greinargerð aðalskipulagsins.

Hvað er umhverfismat áætlana?


- Mat á áhrifum skipulags á umhverfið
- Niðurstöður matsins nýttar til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum
- Hluti af skipulaginu



Umhverfismat áætlana

Umhverfisþættir

- Félagslegir og hagrænir þættir
- Náttúrufarslegir þættir
- Öryggi og heilsa
- Innviðir og aðgengi



Leiðarljós og markmið



Leiðarljós aðalskipulags Súðavíkurhrepps

- *Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að sjálfbærri þróun.*
- *Að skipulag byggðar og landnotkunar sé sveigjanlegt og stuðli að seiglu gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum.*
- *Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að lífsgæðum allra íbúa hreppsins.*
- *Að skipulag byggðar geri ráð fyrir uppbyggingu innviða þannig að samkeppnishæfni Súðavíkurhrepps verði til jafns við aðra landshluta.*
- *Að skipulag byggðar viðhaldi og stuðli að fjölbreytileika samfélags og náttúru.*



Leiðarljós aðalskipulags Súðavíkurhrepps

- *Súðavíkurhreppur er lifandi, kraftmikið og sjálfbært samfélag þar sem allir íbúar geta notið sín. Áhersla er lögð á að vernda sögu og sérstæðar minjar og landslag fyrir komandi framtíð. Hreppurinn beitir fyrirbyggjandi aðgerðum til að koma í veg fyrir rýrnun náttúrulegra og félagslegra auðlinda. Nýta á þau gæði sem felast í nálægðinni við náttúruna, ekki síst haf- og strandsvæðin. Sveitarfélagið leggur áherslur á fjölbreytt og öflugt atvinnulíf sem hvílir á traustum innviðum og þeim auðlindum og félagsauði sem finna má í sveitarfélaginu. Lífsgæðin í hreppnum felast m.a. hreinleika og lítt spilltu umhverfi en einnig í einfaldleikanum, góðri þjónustu, góðri tengingu við umheiminn og aðgengi að náttúrunni.*





Heilindi
Metnaður
Frumkvæði